

LÖGREGLUSAMPYKKT

fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lögreglusamþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi eftirtalinna sveitarfélaga: Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Sveitarfélagsins Árborgar, Flóahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskóga-byggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss.

II. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

2. gr.

Með almannafæri er í samþykkt þessari átt við götur, vegi, torg, gangstéttir, gangstíga, svæði aðtluð til almenningsnota og staði sem opnir eru almenningi, svo sem íþróttasvæði, kvíkmyndahús, leikhús, samkomuhús, söfn, veitingastaði, verslanir, leiktækjastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli og söluturna innan hvers sveitarfélags.

Með leiktækjastað er átt við stað þar sem aðgangur er veittur að leiktækjum, spilakössum, knattborðum, tölvum o.þ.h., gegn gjaldi.

Svæði í alfaraleið í byggð teljast einnig til almannafærис.

Í samþykkt þessari merkir orðið „byggð“ þau svæði sem ekki falla undir hugtakið óbyggðir en „óbyggðir“ eru landsvæði þar sem fólk hefur ekki fasta búsetu og þar sem mannvirki eru ekki til staðar eða eru lítt áberandi.

3. gr.

Uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi sem raskar allsherjarreglu má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrrast þar saman ef það tálmar umferð eða veldur vegfarendum óþægindum.

Enginn má áreita aðra á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturro manna.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómfutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri ef ástæða er til að ætla að hún valdi verulegu ónæði eða truflun.

Sveitarstjórn getur bannað neyslu áfengis á almannafæri á tilteknunum tíma á tilteknun svæðum innan hvers sveitarfélags. Síða samþykkt skal tilkynna lögreglustjóra og birta almenningi.

5. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri svo sem í eða við biðstöðvar almenningsvagna og leigubifreiða, miðassölur, banka, veitingastaði, verslanir eða aðra afgreiðslustaði, skal fólk að jafnaði taka tillit til þess að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu.

6. gr.

Hver sá sem staddur er á almannafæri er skyldur til að segja til nafns síns, kennitölu og heimilis þegar lögreglan krefst þess.

Skylt er að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur s.s. vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi reglu á almannafæri.

7. gr.

Skylt er að hlíta bannmerkingum og leiðbeinandi merkingum um umgengni og umferð á svæðum í alfaraleið.

8. gr.

Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

Sama á við um þá sem valda óspektum, hættu eða hneykslan á almannafæri sökum vímuástands eða af öðrum ástæðum.

9. gr.

Meðferð vatns við hvers konar þrif utandyra er óheimil nema í frostlausu veðri ef það veldur rennsli á gangstétt, gangstíg eða götu þannig að valdi hættu eða óþægindum.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum svo sem spilliefnum eða efnum sem valdið geta mengun eða skemmdum í holræsakerfinu.

Eiganda eða umráðamanni húss er skyld að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

Eiganda eða umráðamanni húss, verktaka eða öðrum sem ábyrgð ber á verkframkvæmdum hvers konar, er skyld að gæta fyllsta öryggis og hafa í huga þá sem eru þar vegna vinnu sinnar og þá sem þar kunna að koma vegna annarra erinda. Framfylgja skal rökstuddum tilmælum byggingarfulltrúa hverju sinni.

10. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði. Þetta á einnig við um þá hluta af húsum og öðrum mannvirkjum sem liggja að almannafæri.

Á mannvirkni og hluti má ekki mála, teikna eða festa auglýsingar nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

Óheimilt er að reisa auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi sveitarstjórnar. Sama gildir um ökutæki hvers konar sem standa yfirgefin og hafa þann tilgang að auglýsa á eða við almannafæri. Fylgja skal ákvæðum 32. gr. í vegalögum nr. 80/2007. Sveitarstjórn skal tilkynna löggreglustjóra um slík leyfi. Heimilt er að fjarlægja án fyrirvara hvers kyns lausafjármuni á kostnað eiganda, sem settir eru upp í auglýsingaskyni án heimildar.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn þar sem þær voru hafðar. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður eða gera ólæsilegar á annan hátt.

11. gr.

Sveitarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, leikvelli, lystigarða, tjarnir, kirkju-garða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

Hvorki má troða niður ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og límgerði á almannafæri né slíta þar upp blóm eða annan gróður.

12. gr.

Við alfaraleið í byggð er óheimilt að gista í tjöldum, hús bílum, hjólhýsum, fellihýsum, tjald-vögnum og öðrum sambærilegum búnaði, utan skipulagðra tjaldsvæða.

13. gr.

Ekki má ganga örna sinna eða kasta af sér þvagi á almannafæri eða á lóð, land eða híbýli annars manns. Hver sem það gerir skal hreinsa upp eftir sig.

14. gr.

Leyfi landeiganda þarf til, ef halda á samkomur á opnum svæðum í eigu viðkomandi sveitar-félags.

Tilkynna skal löggreglustjóra svo fljótt sem verða má um fyrirhugaðar hópgöngur, útifundi, tónleika og aðrar útisamkomur í því skyni að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar.

Löggreglustjóri getur breytt gönguleið eða samkomustað telji hann það nauðsynlegt.

15. gr.

Meðferð skotvopna á almannafæri er bönnuð nema með sérstakri undanþágu frá löggreglustjóra.

Ekki má á almannafæri ganga með logandi blys né halda skoteldasýningar nema með leyfi löggreglustjóra. Ekki má á almannafæri kveikja á bálkostum nema með leyfi sýslumanns.

16. gr.

Enga atvinnu sem tálmari umferð má reka á almannafæri.

Sveitarstjórn getur sett samþykktir um farandsölu og sölu á götum, torgum og öðrum stöðum.

17. gr.

Um málefni hafna fer samkvæmt hafnarreglugerð viðkomandi sveitarfélags.

Löggreglustjóri getur bannað öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfn.

18. gr.

Ekki má gera jarðrask, svo sem skurði í gangstéttir, götur eða torg né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi sveitarstjórnar. Skal sveitarstjórn við veitingu leyfis setja skilyrði sem nauðsynleg eru til að afstýra haettu fyrir vegfarendur og tilkynna leyfisveitingu til löggreglustjóra. Að verki loknu skal leyfishafi fáa það í samti lag sem raskað var.

Þegar gerður er skurður í gangstétt skal sá sem verkið vinnur sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, svo sem með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, t.d. með ljósum, glitmerkjum o.p.h. þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig að sem minnstur farartálmí verði. Sé nauðsynlegt að loka gangstétt vegna framkvæmda skal hjáleið tryggð og afgirt frá umferð ökutækja innan þéttbýlismarka og annars staðar þar sem umferð er mikil.

Sveitarstjórn getur bannað umfetur að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Haft skal samráð við löggreglustjóra og Vegagerðina þegar það á við. Einnig getur sveitarstjórn ákveðið að skurðir í götum séu byrgðir og uppgröftur fjarlægður þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur sveitarstjórn, ef talið er að framkvæmdirnar dragast um of, látið setja í samti lag það sem raskað var á kostnað þeirra sem ábyrgð bera á framkvæmd.

Setja skal upp skilti og merkingar til leiðbeiningar fyrir ökumenn vegna framkvæmda sem truflað geta umferð. Sé fyrirsjánlegt að framkvæmdir muni taka lengri tíma en 7 daga skal setja upp ítarlegri skilti þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmdina, á hvers vegum hún er og hvað hún muni standa lengi.

Þá getur sveitarstjórn beint þeim fyrirmælum til ökumanna og eigenda ökutækja að þeir leggi ekki ökutækjum á tilteknum svæðum svo unnt sé að framkvæma hvers konar nauðsynlegar viðgerðir eða hreinsanir á götum. Tilmælin skulu koma fram á upplýsingaskiltum eða með öðrum tryggum hætti. Sé slíkum tilmælum ekki sinnt getur sveitarstjórn látið flytja ökutæki á brott án frekari við-vörunar svo viðgerð eða hreinsun geti farið fram. Tilkynna skal eiganda ökutækis og löggreglu um brotflutninginn og hvar megi vitja ökutækisins sé það ekki flutt aftur á sama stað eftir að viðgerð eða hreinsun lýkur.

19. gr.

Húseigendum eða umráðamönnum húseigna er skylt að hlíta fyrirmælum sveitarstjórnar um frágang girðinga o.p.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður sem liggur að götum, gangstéttum og gangstígum, þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Sveitarstjórn getur sett nánari reglur um skerðingu gróðurs. Hlíti húseigandi eða

lóðarhafi ekki fyrirmælum sveitarstjórnar um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það flutt brott, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óprýði. Sama gildir um hús sem stendur yfirgefið.

Þegar hús er byggt, rifið, endurbyggt eða flutt, er eiganda og/eða verktaka skylt að haga sér eftir þeim fyrirmælum sem sveitarstjórn gefur til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur og skal hann setja upp skilti til leiðbeiningar eftir því sem við á. Við flutning húsa skal eigandi og/eða verktaki kalla til lögreglu eftir því sem umferðarlög kveða á um.

Húsráðendur skulu sjá til þess að allt lauslegt á lóð sé tryggilega fest ef von er á hvassviðri.

Girðingar sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar skal fjarlægja þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Um öryggi á vinnusvæðum við almannafæri gilda ákvæði skipulagslaga og laga um mannvirki auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ásamt reglum settum á grundvelli þeirra.

20. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á lóðum hans eða landi. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast þar við ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í híbýli manna í söluerindum ef húsráðandi leggur við því bann.

21. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á almannafæri nema í þar til gerð ílát eða á viðurkenndum móttökustöðvum sveitarfélaganna. Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð eða land annars manns. Hver sem það gerir skal flytja óhreinindin tafarlaust í burt á sinn kostnað. Aðeins er heimilt að henda mold, grjóti og garðúrgangi á staði sem til þess eru ætlaðir og ákveðnir eru af sveitarstjórn. Óheimilt er að fleygja þar öðrum úrgangi. Hver sem það gerir skal flytja úrganginn tafarlaust burt á sinn kostnað.

III. KAFLI.

Um ökutæki, umferð o.fl.

22. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Á götum má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum nema með leyfi lögreglustjóra.

Bannað er að leggja ökutæki á gangstéttum. Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum sveitarstjórnar, veitt undanþágu frá ofangreindu. Í þéttbýli má ekki leggja vörubifreiðum sem eru 7,5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og fólksflutningabifreiðum sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, á götum eða almenningsbifreiðastæðum nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Sveitarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt. Bannað er að leggja vinnuvélum, stórum vörubílum eða flutningabílum, eftirvögnum og tengivögnum í íbúðargötur í þéttbýli. Lögreglustjóri getur bannað stöðu eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, hjólhýsa, dráttarkerra, báta og þess háttar tækja sem og húsbíla, á götum og almennum bifreiðastæðum sem þykja valda óþægindum, óþrifnaði eða hættu. Bannað er að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir einnig um smærri sem stærri hluti svo sem gáma, kerrur, bíla, bíllluta, báta, skipsskrokka og annað þess háttar.

Heimilt er heilbrigðiseftirliti, að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eigenda til úrbóta, að fjarlægja framangreinda hluti, þ.m.t. númerlausar bifreiðar og bíflök. Sama gildir um ökutæki sem skilin eru eftir á opnum svæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og skal hann bera kostnað vegna flutnings og vörslu ökutækisins.

Þegar lausafjármunir, s.s. hjólhýsi gámar, bátar, torgsöluhús, frístundahús sem ætluð eru til flutnings og stór samkomutjöld sem getið er um í byggingarreglugerð nr. 112/2012, eru staðsettir án stöðuleyfis skal leyfisveitandi krefja eiganda um að fjarlægja þá innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda.

23. gr.

Vélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í notkun er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur er nauðsynlegt er, svo komast megi hjá mengun og hávaða á almannafærri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

24. gr.

Lögreglustjóri getur að fengnum tillögum sveitarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra ökutækja á einstökum götum ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð eða íbúa.

Allur akstur torfærutækja, s.s. vélsleða og torfæruhjóla, er bannaður innan þéttbýlis. Sveitarstjórn getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum og skal sú ákvörðun tilkynnt lögreglustjóra.

25. gr.

Á og við götur eða vegi eða þar sem hætta stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlottist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagn eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.

Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á vegi í alfaraleið og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem slíkir. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ýtrustu varúðar og tillitssemi gætt.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógur traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

26. gr.

Umferð skipa, báta og annarra vatnafarartækja, önnur en hefðbundin not landeigenda vegna hlunninda og umferð viðbragðsaðila, er bönnuð á Ölfusá frá landamörkum Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar í austri að Kaldaðarneslandi í vestri nema með leyfi lögreglustjóra.

Par sem í skipulagi er bönnuð umferð um ár og vötn getur sveitarstjórn samþykkt sérstakan viðauka við lögreglusamþykkt þessa þar sem kveðið er á um slíkt bann og viðurlög við brotum gegn því.

27. gr.

Þeir sem flytja farm skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Nota skal yfirbreiðslur þegar farmur er það fingerður að hætta er á að hann fjúki. Ef eitthvað hrynnur niður við flutning, fermingu eða affermingu á almannafærri er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað, að öðrum kosti er sveitarfélagini heimilt að gera það á kostnað flytjanda eða þess sem ábyrgð ber á flutningi.

IV. KAFLI Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.

28. gr.

Um leyfi til rekstrar veitingastaða, útleigu samkomusala í atvinnuskyni og leyfi til skemmtanahalds gilda ákvæði laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Veitingastaði án áfengisveitinga (flokkur I) er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn. Stafi íbúum í nágrenni slíks veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur sveitarstjórn þó takmarkað afgreiðslutíma hans.

Ákveði sveitarstjórn ekki annað eru áfengisveitingar á umfangslitlum áfengisveitingastöðum (flokkur II) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 23.00 alla daga. Með sama fyrirvara eru áfengisveitingar á umfangsmíklum áfengisveitingastöðum (flokkur III) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 01.00 virka daga og til kl. 03.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Aðfaranótt nýársdags eru áfengisveitingar á umfangsmíklum áfengisveitingastöðum þó heimilar til kl. 04.00. Áfengisveitingastöðum skal lokað þegar heimiluðum áfengisveitingatíma lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrr en a.m.k. tvær klukkustundir eru liðnar frá lokun. Allir gestir skulu hafa yfirgefið áfengisveitingastað eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans.

Afgreiðslu- eða þjónustutími verslana og annarra þjónustufyrirteckja er frjáls að því marki sem heimilt er að lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Sveitarstjórn getur þó takmarkað afgreiðslu- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönum eða vegfarendum ónæði.

29. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvíkmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönum eða vegfarendum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti löggreglu og er henni heimilt að fara um samkomusali og önnur húskynni sem gestir eiga aðgang að.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

Á skemmtistöðum og veitingastöðum eru nektarsýningar óheimilar.

30. gr.

Enginn má reka leiktækjastað eða þess háttar starfsemi gegn borgun nema með leyfi löggreglu-stjóra að fenginni umsögn sveitarstjórnar. Leyfi skal ekki veita til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur löggreglustjóri svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki sinnt áminningu um úrbætur.

Börnum yngri en 14 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum leiktækjastöðum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

V. KAFLI Um götuspjöld, merkingar og húsnúmer.

31. gr.

Sveitarstjórn ákveður nöfn á stjórnsýslueiningar, byggingar, hverfi og götur og lætur festa upp skilti með þeim upplýsingum, þar sem þurfa þykir, svo sem við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.

VI. KAFLI Um útvistartíma barna og unglings.

32. gr.

Um útvistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

VII. KAFLI Um dýrahald.

33. gr.

Um dýrahald fer eftir sérstökum samþykktum hvers sveitarfélags. Þrátt fyrir ákvæði staðbundið inna samþykktu sveitarfélaga er löggreglu ávallt heimil handsömun og aflifun hunda er staðnir hafa verið að því að ráðast á búfénað eða fólk og löggregla telur hættulega almannaöryggi.

Um bann við lausagöngu búfjár og undanþágur frá því fer skv. vegalögum, lögum um búfjárhald og samþykktum um búfjárhald í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Óheimilt er að halda nýjar dýrategundir, eða erlenda stofna tegunda sem hér eru fyrir, nema leyfi hafi verið veitt til innflutnings á viðkomandi dýrategund eða stofni tegundar skv. lögum um innflutning dýra.

VIII. KAFLI
Um refsingar, kostnað, gildistöku o.fl.

34. gr.

Ef einhver lætur það ógert sem honum er skylt að gera samkvæmt lögreglusamþykkt þessari getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður sem leiðir af framkvæmdum og ráðstöfunum lögreglustjóra greiðist af þeim er ábyrgð ber á vanrækslunni.

35. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt þessari varða sektum, sbr. 6. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum.

Mál sem varða brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar skal fara með að hætti laga um meðferð sakamála.

36. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem samþykkt var í sveitarstjórnnum eftirtalinna sveitarfélaga: Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Sveitarfélagsins Árborgar, Flóahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss, tekur gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt Sveitarfélagsins Árborgar nr. 430/2014, lögreglusamþykkt Mýrdalshrepps nr. 526/2004 og lögreglusamþykkt Hveragerðisbæjar nr. 579/2009.

Samþykktin er sett með vísan í 1. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir og reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007.

Dómsmálaráðuneytinu, 27. október 2017.

Sigríður Á. Andersen.

Haukur Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 13. nóvember 2017